

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal fylgja launavísitölu. Þó skulu framangreindar bætur, greiðslur og fjárhæðir hækka í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkingu bóta, greiðslna og fjárhæða samkvæmt lögnum. Með lögum nr. 130/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, var núgildandi regla sett. Þar er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaganna, séu endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs.

Í ljós hefur komið að á síðustu árum hefur launavísitala hækkað mun meira en vísitala neysliverðs. Því hefði viðmiðun við fyrrnefnda vísitölu leitt til mun meiri og sanngjarnari hækkana en viðmiðun við vísitölu neysliverðs hefur gert, sjá fylgiskjal með yfirliti frá Hagstofu Íslands um breytingar á vísitölu neysliverðs og launavísitölu á árunum 1998–2001. Þar kemur fram að meðaltalshækkun vísitölu neysliverðs og meðaltalshækkun launavísitölu var sl. fimm ár eftirfarandi:

Ár	Neysluvísitala	Launavísitala
1998	1,7	9,4
1999	3,4	6,8
2000	5,0	6,6
2001	6,7	8,9

Eins og sjá má hefur launavísitalan hækkað miklu meira en neysluvísitalan. Þannig hafa lífeyrisþegar verið hlunnfarnir um verulegar fjárhæðir á hverju ári með því að miða lífeyrisgreiðslur ekki við launavísitölu. Útreikningar Þjóðhagsstofnunar sýna t.d. að grunnlífeyrir og tekjutrygging hefðu árið 2001 verið rúmum 7 þús. kr. hærri á mánuði, eða rúmum 84 þús. kr. hærri á árinu, ef útreikningar þessara lífeyrisgreiðslna hefðu tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á launavísitölu á árabílinu 1995–2001. Mjög athyglisverðar upplýsingar koma líka fram þegar skoðuð er þróun kaupmáttar samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar á árunum 1995–2001 og hún borin saman við kaupmátt lágmarkslauna. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar kemur í ljós að kaupmáttur þessara lífeyrisgreiðslna hefur aukist um 11,09% á árunum 1995–2001, en kaupmáttur lágmarkslauna hefur aftur á móti aukist á sama tímabili um 42,07%. Aukning á kaupmætti lágmarkslauna er því 28% umfram aukningu á kaupmætti grunnlífeyris og tekjutryggingar á árabílinu 1995–2001. Afar villandi er, eins og stjórnvöld hafa reynt að gera, að taka með í útreikninga um kaupmátt heimilisuppbót og tekjutryggingarauka sem lítill hluti aldraðra og öryrkja fær. Má t.d. nefna að aðeins 1,3% aldraðra og 9,3% öryrkja, eða 908 öryrkjar, fengu á árinu 2001 tekjutryggingarauka, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig fá einungis milli 16–20% aldraðra og öryrkja heimilisuppbót. Stærstur hluti lífeyrisþega fá því ekki heimilisuppbót eða tekjutryggingarauka.

Stjórnvöld hafa valið þá leið að fylgja vísitölu neysluverðs í stað þess að fylgja þróun launa við fyrrgreindar breytingar. Hér er lagt til að launavísitölu verði fylgt og að framan- greindar breytingar komi til framkvæmda ársfjórðungslega í stað þess að slíkt gerist árlega enda vísitölur reiknaðar út mánaðarlega. Bið eftir hækkunum og uppfærslu í allt að tólf mánuði verður að teljast óeðlilega löng og óréttlát. Landssamband eldri borgara hefur lagt áherslu á að þessu verði breytt, sbr. ályktun um kjaramál frá landsfundi sambandsins 20.–21. maí 1999. Í ályktuninni er lýst nauðsyn þess að hækka grunnlífeyri almennatrygginga án skerðingar tekjutryggingar og að í kjölfarið verði breytingar á upphæð grunnlífeyris almennatrygginga og annarra bótaflokka látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar og verðlagi sem komi til framkvæmda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Svipaðar áherslur koma fram í tillögum fulltrúa Landssambands eldri borgara í samráðsnefnd um málefni aldraðra 3. nóvember 1999.

Ef sú staða kæmi síðan upp að vísitala neysluverðs reyndist hagstæðari viðmiðun er lagt til að við hana verði miðað í stað launavísitölunnar og er fyrirvara í 3. másl. 1. gr. frumvarpsins ætlað að tryggja það.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi árið 1999. Nú er það flutt á nýjan leik lítið breytt, en í greinargerðina hefur verið bætt viðbótarupplýsingum sem styðja mjög framgang þessa frumvarps. Við meðferð málsins á 125. löggjafarþingi var málið sent til umsagnar fjölda aðila.

Flestar umsagnir voru afar jákvæðar, t.d. frá Öryrkjabandalaginu, aðgerðarhópi aldraðra, Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, Landssamband eldri borgara, Alþýðusambandi Íslands, Þroskahjálp og Félagi eldri borgara. Engin umsagnaraðili mælti gegn frumvarpinu, en það

var m.a. einnig sent til fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

Ástæða er því til þess að ætla að nú þegar frumvarpið er lagt fram á nýjan leik að um það geta skapast víðtæk sátt um nauðsyn þess að kjör þessa hóps verði leiðrétt og bætt, enda liggur skýrt fyrir að aldraðir og öryrkjar hafa ekki fengið réttmætan hlut í aukningu þjódartekna á umliðnum árum.

Fylgiskjal.

Launavísitala 1998–2001.

Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar		
			Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1998					
Janúar	167,9	4,5	23,4	13,1	12,8
Febrúar	168,4	0,3	23,3	13,6	13,1
Mars	168,7	0,2	21,4	13,3	12,8
Apríl	169,2	0,3	3,1	12,8	9,8
Mái	169,4	0,1	2,4	12,4	8,1
Júní	169,9	0,3	2,9	11,8	8,1
Júlí	170,4	0,3	2,9	3,0	7,9
Ágúst	171,4	0,6	4,8	3,6	8,5
September	171,7	0,2	4,3	3,6	8,3
Október	172,1	0,2	4,1	3,5	8,0
Nóvember	172,5	0,2	2,6	3,7	7,9
Desember	173,3	0,5	3,8	4,0	7,8
Meðaltal	170,4				9,4
1999					
Janúar	180,4	4,1	20,7	12,1	7,4
Febrúar	180,9	0,3	20,9	11,4	7,4
Mars	181,2	0,2	19,5	11,4	7,4
Apríl	181,4	0,1	2,2	11,1	7,2
Mái	181,6	0,1	1,6	10,8	7,2
Júní	181,8	0,1	1,3	10,1	7
Júlí	182,0	0,1	1,3	1,8	6,8
Ágúst	182,2	0,1	1,3	1,4	6,3
September	182,5	0,2	1,5	1,4	6,3
Október	182,9	0,2	2,0	1,7	6,3
Nóvember	183,5	0,3	2,9	2,1	6,4
Desember	184,0	0,3	3,3	2,4	6,2
Meðaltal	182,0				6,8
2000					
Janúar	186,9	1,6	9,0	5,5	3,6
Febrúar	189,3	1,3	13,3	7,9	4,6
Mars	189,6	0,2	12,7	7,9	4,6
Apríl	191,1	8,0	9,3	9,2	5,3
Mái	194,5	1,8	11,4	12,3	7,1
Júní	195,7	0,6	13,5	13,1	7,6
Júlí	196,4	0,4	11,6	10,4	7,9
Ágúst	196,6	0,1	4,4	7,9	7,9
September	196,8	0,1	2,3	7,7	7,8

Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar		
			Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
Október	197,2	0,2	1,6	6,5	7,8
Nóvember	197,4	0,1	1,6	3,0	7,6
Desember	198,0	0,3	2,5	2,4	7,6
Meðaltal	194,1				6,6
2001					
Janúar	204,2	3,1	15,0	8,1	9,3
Febrúar	204,8	0,3	15,9	8,5	8,2
Mars	207,0	1,1	19,5	10,6	9,2
Apríl	208,7	0,8	9,1	12,0	9,2
Mái	210,0	0,6	10,5	13,2	8,0
Júní	211,7	0,8	9,4	14,3	8,2
Júlí	212,4	0,3	7,3	8,2	8,1
Ágúst	213,9	0,7	7,6	9,1	8,8
September	214,8	0,4	6,0	7,7	9,1
Október	215,2	0,2	5,4	6,3	9,1
Nóvember	215,9	0,3	3,8	5,7	9,4
Desember	217,0	0,5	4,2	5,1	9,6
Meðaltal	211,3				8,9

Skýring: launavísitala er reiknuð og birt skv. lögum nr. 89/1989. Vísitalan miðast við meðallaun í hverjum mánuði og er reiknuð og birt um miðjan næsta mánuð.

Breytingar vísitölu neyslueröðs 1998-2001.

Maí 1988 = 100	Vísitala	Breyting í hverjum mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar			
			Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1998						
Janúar	182,4	0,6	6,8	1,1	2,6	2,2
Febrúar	182,0	-0,2	-2,6	7,0	1,6	2,0
Mars	182,7	0,4	4,7	2,9	1,6	2,4
Apríl	183,1	0,2	2,7	1,5	1,3	1,9
Mái	183,7	0,3	4,0	3,8	2,2	2,4
Júní	184,0	0,2	2,0	2,9	2,9	2,3
Júlí	183,6	-0,2	-2,6	1,1	1,3	1,9
Ágúst	182,6	-0,5	-6,3	-2,4	0,7	1,1
September	182,8	0,1	1,3	-2,6	0,1	0,8
Október	183,6	0,4	5,4	0,0	0,5	0,9
Nóvember	184,1	0,3	3,3	3,3	0,4	1,3
Desember	183,7	-0,2	-2,6	2,0	-0,3	1,3
Meðaltal	183,3					1,7
1999						
Janúar	184,8	0,6	7,4	2,6	1,3	1,3
Febrúar	184,5	-0,2	-1,9	0,9	2,1	1,4
Mars	185,4	0,5	6,0	3,8	2,9	1,5
Apríl	186,4	0,5	6,7	3,5	3,1	1,8
Mái	187,3	0,5	6,0	6,2	3,5	2,0
Júní	188,8	0,8	10,0	7,5	5,6	2,6
Júlí	189,5	0,4	4,5	6,8	5,2	3,2
Ágúst	190,2	0,4	4,5	6,3	6,3	4,2
September	191,8	0,8	10,6	6,5	7,0	4,9
Október	193,3	0,8	9,8	8,3	7,5	5,3
Nóvember	193,3	0,0	0,0	6,7	6,5	5,0
Desember	194,0	0,4	4,4	4,7	5,6	5,6
Meðaltal	189,6					3,4

Maí 1988 = 100	Vísitala	Breyting í hverjum mánuði, %	Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar			
			Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
2000						
Janúar	195,5	0,8	9,7	4,6	6,4	5,8
Febrúar	194,9	-0,3	-3,6	3,4	5,0	5,6
Mars	196,4	0,8	9,6	5,0	4,9	5,9
Apríl	197,6	0,6	7,6	4,4	4,5	6,0
Maí	198,4	0,4	5,0	7,4	5,3	5,9
Júní	199,1	0,4	4,3	5,6	5,3	5,5
Júlí	200,1	0,5	6,2	5,2	4,8	5,6
Ágúst	199,1	-0,5	-5,8	1,4	4,4	4,7
September	199,5	0,2	2,4	0,8	3,2	4,0
Október	201,5	1,0	12,7	2,8	4,0	4,2
Nóvember	202,1	0,3	3,6	6,2	3,8	4,6
Desember	202,1	0,0	0,0	5,3	3,0	4,2
Meðaltal	199,1					5,0
2001						
Janúar	202,4	0,1	1,8	1,8	2,3	3,5
Febrúar	202,8	0,2	2,4	1,4	3,8	4,1
Mars	204,0	0,6	7,3	3,8	4,6	3,9
Apríl	206,5	1,2	15,7	8,4	5,0	4,5
Maí	209,4	1,4	18,2	13,7	7,4	5,5
Júní	212,6	1,5	20,0	18,0	10,7	6,8
Júlí	214,2	0,8	9,4	15,8	12,0	7,0
Ágúst	214,9	0,3	4,0	10,9	12,3	7,9
September	216,3	0,7	8,1	7,1	12,4	8,4
Október	217,7	0,6	8,0	6,7	11,1	8,0
Nóvember	218,5	0,4	4,5	6,9	8,9	8,1
Desember	219,5	0,5	5,6	6,1	6,6	8,6
Meðaltal	212,4					6,7